

**Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 11. júní 2010.

Enfi: Frumvarp til laga um rannsókn á starfsemi fjármálafyrirtækja á tímabilinu frá október 2008 til ársloka 2009. (504. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að stofnuð sérstök nefnd til að rannsaka verklega og ákvarðanatöku íslenskra fjármálafyrirtækja frá október 2008 til ársloka 2009.*

Í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað í kjölfar, við og eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008 hefur verið farið út í umfangsmiklar rannsóknir og endurskoðun á verkferlum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvað það var sem olli þeim atburður sem áttu sér stað og hver atburðarrásin raunverulega var til þess að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst aftur. Einnig verður að varpa ljósi á það hvort saknæm háttsemi átti sér stað og láta þá sem stóðu að baki henni sæta þá ábyrgð sem þeim ber. Mikilvægt er að skilja hvað gerðist því margt óheppilegt gekk á sem líta verður dagsins ljós.

Í kjölfar hrunsins tók íslenska ríkið yfir starfsemi bankanna og hefur haft með undir höndum síðan. Það verður því að setja ákveðið athugunarmerkið við það að ríkið standi fyrir rannsókn á eigin störfum. Mjög vandasamt verk er að hrinda af stað óháðri rannsókn á eigin störfum og verður því að gæta þess sérstaklega hér að um óháða aðila sé að ræða sem tilnefndir eru með gagnsæjum og óhlutdrægum hætti.

Eins mikilvægt og það er að læra af þeirri reynslu sem safnast hefur í kjölfar hrunsins er enn mikilvægara að halda áfram og hefja að fullum krafti enduruppbyggingu á því þjóðfélagi sem við búum í. Mjög þjóðhagslega óhagkvæmt er að dveljast of lengi í fortíðinni og verður að telja tíma til komin til að horfa fram á við. Þjóðfélag sem horfir mikið í baksýnispegilinn á erfitt með að komast áfram.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð